

Nd.

719. Frumvarp til laga

[300. mál]

um þjónustustofnanir.

Flm.: Kristján Ármannsson, Ólafur Óskarsson, Stefán Valgeirsson,
Lárus Jónsson, Pálmi Jónsson, Páll Pétursson.

1. gr.

Þjónustustofnun er samstarfsstofnun um húsnæðisafnot, um nýtingu tækja og búnaðar og um aðstoðarþjónustu, til að efla nauðsynlega þjónustustarfsemi, með samstarfi innan sömu stofnunar.

2. gr.

Þjónustustofnun skal að jafnaði vera að meiri hluta í eigu ríkisins og sveitarfélaga eða aðila þeirra.

Heimilt er þó, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og félagsmálaráðherra, að sjálfseignarstofnun eða þjónustuaðili, sem annast þjónustu við almenning, innan ramma sérstakra laga, sé eigandi að meiri hluta í þjónustustofnun.

Starfsaðstöðu fyrir stjórnarsýslustarfsemi á vegum sveitarfélaga eða sveitarfélagsamtaka má telja þjónustustofnun, og nýtur réttar samkvæmt þessum lögum.

3. gr.

Telji sveitarstjórn eða samtök sveitarfélaga nauðsynlegt að komið verði á stofn þjónustustofnunar, skal leitað samstarfs við þá aðila, sem vegna starfsemi sinnar koma til greina um þátttöku.

Framkvæmdastofnun ríkisins skal gera könnun á þörf fyrir þjónustustofnun, sé þess óskað af sveitarstjórn eða samtökum sveitarfélaga, sem miðist við staðarval í þéttbýlisstað eða í stærri bæjarhluta.

Við undirbúning að stofnun þjónustustofnunar skal kannað, hvort á vegum ríkisins sé fyrir hendi heppileg starfsaðstaða fyrir þjónustustofnun og hvort ekki sé hagkvæmt að samræma framtíðarhúsnæðisþörf ríkisaðila uppbyggingu þjónustustofnunar.

Framkvæmdastofnun ríkisins gerir áætlun til 10 ára um þróun opinberrar þjónustu og almennrar þjónustustarfsemi á starfssvæði þjónustustofnunar. Við áætlanagerðina skal leitað eftir framtíðaráformum þjónustuaðila á áætlunartímabilinu.

Framkvæmdastofnun skal leggja mat á það, hvort sé þörf þjónustustofnunar. Skal hún gera tillögur um skiptingu eignaraðildar að þjónustustofnun.

Komi í ljós að dómi Framkvæmdastofnunar ríkisins, að þörf er fyrir þjónustustofnun á svæði, þar sem ekki er fjárhagslegur grundvöllur fyrir starfsemi hennar, skal félagsmálaráðuneytið kanna í samráði við heimaaðila leiðir til að koma upp þjónustustofnun. Heimilt er að veita fjárframlög úr Byggingasjóði í þessu skyni, og styrki úr Ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

4. gr.

Nú ákveða tveir eða fleiri aðilar að stofna félag um þjónustustofnun og skulu þeir gera með sér stofnsamning.

Í stofnsamningi skal kveðið á um eignaraðild, atkvæðisrétt á eigendafundum, stjórnarfyrikomulag og reikningshald. Framlag eignaraðila af eigin fé skal a. m. k. vera 25% af stofnkostnaði.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum sameignarfélags um þjónustustofnun. Hann kys stjórn félagsins, endurskoðendur reikninga og úrskurðar ársreikninga.

Stjórn félagsins fer með málefni þess á milli aðalfunda.

Óheimilt er að veðsetja eignarhluta í þjónustustofnun, nema með samþykki stjórna.

Skýlt er stjórn félagsins að boða til eigendafunda, ef eigendur $\frac{1}{3}$ eignarhluta óska þess.

5. gr.

Sameignaraðili getur hætt starfsemi í þjónustustofnun. Sveitarfélagaaðilar, síðan ríkisaðilar skulu hafa forkaupsrétt að eignarhlut. Að þeim frágengnum getur aðalfundur ráðstafað eignarhlut til annarra eigenda eða nýrra aðila. Ef ekki semst um verð á eignarhluta þess er gengur úr, skal verð hans ákvarðast af mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Heimilt er sameignarfélagi um þjónustustofnun að leysa til sín eignarhlut.

6. gr.

Stofnfundur sameignarfélags um þjónustustofnun setur henni samþykkt um stjórn og starfshætti, sem tekur gildi með staðfestingu félagsmálaráðherra. Samþykkt eigendafélags má aðeins breyta á aðalfundi með $\frac{2}{3}$ atkvæða.

Sé þjónustustofnun í eigu eins aðila skal hann setja henni samþykkt, sem tekur gildi með staðfestingu ráðherra.

7. gr.

Í samþykkt skulu vera ákvæði um, hvers konar starfræksla sé við hæfi í þeirri þjónustustofnun, sem samþykktin nær til.

Eigandi (stjórn sameignarfélags) ákveður endurgjald fyrir húsnæðisafnot og aðra starfsaðstöðu, eftir því sem nánar er kveðið á í samþykkt. Setja má það skilyrði fyrir starfsaðstöðu í þjónustustofnun, að starfsaðili greiði leigu fyrirfram a. m. k. til fimur ára í samræmi við leigusamning.

Nú kemur í ljós, að starfsaðili hlítir ekki samþykkt þjónustustofnunar og starfsreglum eða nýtir ekki starfsaðstöðu í samræmi við settar reglur, og er þá heimilt að víkja honum úr stofnuninni.

Verði ágreiningur um starfsréttindi er heimilt að skjóta ágreiningi til félagsmálaráðherra, sem sker úr.

Óheimilt er að framselja húsnæðisafnot og starfsaðstöðu í þjónustustofnun.

8. gr.

Starfræksla þjónustustofnunar er m.a. samrekstur húsnæðis, ýmiss konar búnaðar, samnot af fundaaðstöðu og skjalageymslu, ásamt rekstri þjónustudeildar.

Þjónustudeild annast sameiginlega forsvarsþjónustu fyrir stofnunina, svo sem upplýsingaþjónustu, símavörslu, umsjón með rekstri sameiginlegra tækja og búnaðar, skjalavörslu, ljósritun, fjölritun, vélritun og aðra skrifstofuþjónustu, eftir nánari reglum og samkvæmt sérstökum samningum við starfsaðila í þjónustustofnun.

Þjónustudeild er heimilt að taka að sér verkefni fyrir aðila utan stofnunar, eftir því sem nánar er ákveðið í starfsreglum.

Heimilt er að veita aðila húsnæðisafnot í þjónustustofnun, sem gert hefur samning við þjónustudeild að hún annist störf fyrir hann.

Fela má samstarfsnefnd starfsaðila daglegan rekstur stofnunarinnar eða einstakra deilda hennar, með sérstökum samningi. Sama gildir um einstaka starfsaðila eða aðila utan stofnunar.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samninga við lánastofnanir um stofnlánafyrirgreiðslu vegna uppbyggingar þjónustustofnana, með sama hætti og um lánsfjármagn til framkvæmda á vegum sveitarfélaga.

Heimilt er ríkisstjórn að fela Lánasjóði sveitarfélaga og Byggðasjóði að vera stofnlánasjóðir fyrir þjónustustofnanir.

10. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð samkvæmt þessum lögum, eftir því sem þörf krefur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Áskell Einarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga hefur fyrir sína hönd og annarra framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga farið þess á leit, að frumvarp þetta verði flutt á Alþingi. Flm. telja eðlilegt að verða við þeirri beiðni, en áskilja sér allan rétt til afstöðu til frv. í heild og til einstakra ákvæða þess.

Frumvarpið er flutt hér óbreytt, eins og frá því var gengið af hálfu höfunda þess, ennfremur löng greinargerð, og hljóðar meginmál hennar þannig:

„Er þörf þjónustustofnana?

Fyrir fáeinum árum gekkst Fjórðungssamband Norðlendinga fyrir könnun á þjónustustarfsemi á Norðurlandi. Niðurstöður voru þær, að víða skorti mikið á að til staðar sé í minni þéttbýlisstöðum allra nauðsynlegasta þjónusta á sviði stjórnsýslu og algengasta þjónustustarfsemi við almenning. Kemur þar einkum tvennt til, að þjónustumarkaðurinn er svo lítill, að ekki er grundvöllur fyrir eðlilegum rekstri einstakra starfseininga, og ekki er fyrir hendi hentugt húsnæði. Með skírskotun til þessa er leitað að úrræðum til þess að gera hinum mörgu þjónustu- og stjórnsýsluaðilum kleift að dreifa starfinu með hagkvæmum hætti. Víða hefur komið fram áhugi fyrir því að byggja upp húsnæðisaðstöðu, ásamt starfsaðstöðu, svo að ólíkar þjónustugreinar geti stutt hvor aðra með samstarfi innan sömu stofnunar, svo og að skapa skilyrði fyrir skrifstofuþjónustu fyrir smærri aðila.

Þessar stofnanir eru ýmist nefndar stjórnsýslumiðstöðvar, þjónustumiðstöðvar eða þjónustustofnanir, eins og gert er hér. Þessar stofnanir eiga að láta í té húsnæðisaðstöðu og aðra starfsaðstöðu fyrir stjórnsýslu- og þjónustustarfsemi, sem

ásamt félags- og atvinnuaðilum hafa veruleg viðskipti við almenning. Stofnunin annast þjónustu við einstaka aðila með sameiginlegri þjónustudeild, sem hefur skrifstofu- og upplýsingaþjónustu. Þannig er hægt með samstarfi og samræmingu á milli einstakra aðila að ná hagkvæmni í rekstri og gera mögulegt að margir aðilar geti notið sameiginlegrar þjónustu, sem þeim er um megn að reka hverjum fyrir sig. Með þessum hætti má auka þjónustuframboð heima fyrir og draga úr kostnaði við að sækja sömu þjónustu í burtu. Þjónustustofnanir gera aðilum kleift að stunda tímabundna þjónustu fyrir svæðið og að fá um stundarsakir aðstöðu í stofnuninni. Þetta getur í senn orðið vísir að nýrri þjónustu við svæðið og sparar ómældan kostnað fyrir heimaaðila.

Þjónustustofnanir hafa mjög verulega þýðingu fyrir atvinnuval víða um landið. Sama má reyndar segja um atvinnudreifingu milli bæjarhluta í stærri kaupstöðum. Þess konar stofnanir staðsettar miðsvæðis í bæjarhluta eru til mikils hagræðis fyrir íbúana, og ekki síst þá sem láta þjónustuna af hendi. Víða í þéttbýlisstöðum úti um land mundu þjónustustofnanir verða eins konar ráðhús staðarins, sem ætti að setja svip á staðinn og knýja á um raunhæft miðkjarnaskipulag, með fram- tíðarsjónarmið í huga.

Áætlanagerð um þjónustustofnanir.

Fyrir frumkvæði Fjórðungssambands Norðlendinga hefur áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins unnið frumdrög að áætlun um þörf fyrir þjónustustofnanir á Norðurlandi. Ekki hefur tekist að ljúka þessu verki enn. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir að Framkvæmdastofnun ríkisins annist þess konar áætlanagerð.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því, að sama gerð þjónustustofnunar hentar ekki alls staðar á landinu. Þær hugmyndir að skipta landinu fyrir fram í þjónustusvæði, þar sem uppbygging þjónustustofnana grundvallast á svæðaskiptingu, geta reynst varhugaverðar fyrir starfsemi þeirra. Sú kenning að byggja upp eina þjónustustofnun fyrir landshluta eða landsfjórðung mun reynast varasöm í reynd og getur valdið búseturöskun. Í áætlanagerð um þjónustustofnanir verður að gæta þess, að starfsemin sé miðuð við þörf þess fólks, sem með eðlilegum hætti mundi sækja þjónustu til hennar. Þetta útilokar ekki að þjónustustofnun geti þjónað í sumum efnum landshluta, ásamt næsta þjónustusvæði, ef þetta fer saman með eðlilegum hætti. Hér verður reynslan að skera úr um hvernig best skuli hagað fyrir- komulagi.

Þjónustustofnanir eiga hliðstæður á öðrum sviðum.

Með lögum um félagsheimili, og með fjármagni af skemmtanaskatti til uppbyggingar félagsheimila, var stigið eitt merkasta spor í þá átt að færa landsbyggðina inn í nútímann um aðstöðu til skemmtana- og félagslífs. Félagsheimilin eru gott dæmi um félags- og menningarstofnanir, þar sem tekst með samvinnu um húsnæðis- afnot og starfsaðstöðu að tryggja almenna félags- og menningarstarfsemi, auk þess að gera einstökum félögum og hópum kleift að stunda starfsemi sína sérstaklega sem ekki eru skilyrði til, nema með samstarfi innan sömu stofnunar. Ekki er vafamál, að sú aðstaða, sem félagsheimilin hafa látið í té, hefur átt veigamikinn þátt í því að bæta búsetuskilyrði úti um dreifðar byggðir.

Víðs vegar um landið hafa verið roistar heilsugæslustöðvar, sem eru í senn samstarfsvettvangur lækna og heilbrigðisstétta annars vegar, og hins vegar starfsstofnanir ríkis og sveitarfélaga um að samþæfa ólíkar greinar og dreifa þeim um leið út um landið. Það samstarf ólíkra sérhæfðra aðila, sem á sér stað innan heilsugæslustöðvanna, ásamt samnotum af sameiginlegri aðstoðarþjónustu, er mjög hliðstætt því, sem fyrirhugað er í þjónustustofnun.

Þetta sýnir að samstarf innan þjónustustofnunar á sér hliðstæður í því starfi, sem þegar á sér stað á Íslandi. Í hinu frjálsa athafnalífi á svona samstarf hliðstæðu

t. d. með samvinnustofnun heildverslana í Sundagörðum í Reykjavík. Segja má að verslanamiðstöðvar, þar sem margar verslanir starfa saman, með sérgreindu vörvali undir sama þaki, séu hliðstæður á sviði smásöluverslunar. Uppi hafa verið hugmyndir um að koma upp iðngörðum, þar sem hugsuð er samvinna um húsnæðisafnot og aðra sameiginlega starfsemi. Allt er þetta af sömu rót og hugmynd um þjónustustofnanir.

Meginmarkmið er að skapa þjónustumarkað á einum stað, er fullnægi sem mestri eftirspurn, á sem hagkvæmastan hátt, fyrir alla aðila. Frumvarp þetta stefnir að því, að löggjafinn setji nánari ákvæði um þessi mál, þannig að á sviði þjónustustarfsemi verði hliðstæð þjónustubrúun og í heilbrigðisþjónustu úti um landið og í stærri bæjarhverfum. Þetta verður best gert með eðlilegum stofnfjárfyrirgreiðslum.

Uppbygging þjónustustofnana er staðreynd.

Víða um landið er hafinn undirbúningur að byggingu svonefndra bæjarhúsa, þ. e. húsnæðis á vegum sveitarfélags, þar sem til húsa eru skrifstofur þess og þjónustudeildir, t. d. slökkvistöð og e. t. v. aðstaða fyrir lögreglu. Staðreyndin er sú, að sveitarfélögin hafa ekki átt aðgang að fjármagni til þessa verkefnis. Lánasjóður sveitarfélaga og Byggðasjóður hafa verið ófáanlegir til að lána sveitarfélögum til að koma upp stjórnsýslu- og þjónustuhúsnæði. Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er þetta þjónustuhúsnæði viðurkennt sem þjónustustofnanir og ætlast til að Lánasjóður sveitarfélaga og Byggðasjóður láni til þessa verkefnis.

Mjög víða hagar svo til, að stjórnsýsluhúsnæði sveitarfélaga er staðsett í kjarna þéttbýlisstaðar og er staðsett við aðalsangönguleiðir. Því er hagkvæmast að stækka það húsnæði, sem fyrir er, og koma upp við hlið á starfsemi sveitarfélags aðstöðu fyrir þjónustuaðila, þ. e. þjónustustofnun. Sveitarfélagið gæti veitt sameiginlega þjónustu eða hlutast til um að hún verði látin í té. Þannig má skapa aðstöðu fyrir farandþjónustu sérhæfðra þjónustuaðila og koma á fót almennri skrifstofuþjónustu fyrir þá aðila, sem þurfa að einhverju leyti á slíkri þjónustu að halda.

Sums staðar hafa sveitarfélögin haldið það myndarlega á hlutunum, að þau hafa byggt yfir stjórnsýsluþjónustu ríkisins í byggðarlögum, t. d. í Bolungarvík og á Höfn í Hornafirði. Á báðum þessum stöðum setja þessi stjórnþjónustuhús svip á staðina. Eðlilegt er að ríkið og sveitarfélag standi saman að þess konar byggingum sem væru jafnframt að hluta til almenn þjónustustofnun við almenning á sviði annarrar þjónustu. Á Ísafirði er unnið að undirbúningi þjónustustofnunar, sem í senn er miðuð við heimafarfir á Ísafirði og Vestfirði í heild. Stefnt er að því að í einni og sömu byggingu verði til staðar flestar deildir opinberrar stjórnsýslu á Ísafirði, ásamt bankastarfsemi, auk sveitarfélagsins. Á Seyðisfirði er mál þetta í athugun á líkum grundvelli. Á Húsavík er í athugun að stækka núverandi skrifstofuhúsnæði bæjarins, og til athugunar er að tryggja til viðbótar sambyggt húsnæði, verði um þjónustustofnun að ræða, í samstarfi við sýslumannsembættið. Á Kópaskeri er í athugun bygging þjónustustofnunar með aðild sýslubókasafns, hreppsfélags, tryggingafélags og bankaútibús. Sums staðar hefur verið rætt um héraðsþjónustustofnun eða þjónustustofnun fyrir afmörkuð svæði. Á Dalvík er hafin bygging sérstakrar þjónustustofnunar, þar sem gert er ráð fyrir verulegu þjónustusamstarfi á milli aðila. Í stofnuninni á að vera sparisjóður, bæjarskrifstofa, bókhaldsskrifstofa og bæjarfógetaskrifstofa. Auk þess verði þar skrifstofuaðstaða fyrir félagasamtök og atvinnufyrirtæki auk fundaaðstöðu. Reiknað er með að stofnunin reki sameiginlega þjónustudeild, sem annist sínavörslu, skrifstofuþjónustu og skjalavörslu, sem starfi í tengslum við einhvern rekstraraðila í stofnuninni. Þetta sýnir á augljósan hátt, að uppbygging þjónustustofnana er aðkallandi málefni, sem krefst eðlilegrar fyrirgreiðslu.

Skipulag og þjónustuhlutverk.

Það er staðreynd, að þjónustustarfsemi og viðskipti eru að verða stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar. Á tímabilinu 1963—1975 hafa þjónustugreinarnar dregið til sín 59.5% allrar mannaflaaukningar í landinu. Það veltur því á miklu fyrir þjóðarbúið hvar þetta vinnuafli sest að í þjóðfélaginu, og gætt sé hagkvæmni í staðarvali þjónustustarfseminnar.

Með þjónustustofnunum er kerfi kjörmarkaðanna fært yfir í þjónustustarfsemi með því að færa saman ólíka starfsþætti á einn stað við hæfi markaðarins, og færa þjónustuna nær búsetu fólksins. Til þess að svo verði þarf fjármagn og framtak. Ríki og sveitarfélög eru leiðandi aðilar í þjónustustarfsemi og því er ekki að vænta forgangs einkaaðila á þessu sviði. Hér þarf að koma til heimaframtak sveitarfélaganna, sem verða að gæta hagsmuna borgaranna í dreifðri byggð og gæta skynsamlegs mótvægis á milli bæjarhluta. Krafa nútímans er að fólk búi við þjónustujafnrétti í þjóðfélaginu, hvort heldur menn búa í dreifbýli eða í stærri úthverfum, sem eru jafnfjölmenn heilum landshlutum. Skipulag og hlutverk þjónustustofnana eiga að miðast við þetta. Uppbygging þjónustustofnana er ekki sérsmål dreifbýlisins, heldur einnig hagsmunamál stóru hverfanna í Reykjavík og í stærri kaupstöðum.

Samræmi á milli framleiðslu- og þjónustusvæða.

Það er staðreynd, að þrátt fyrir hraða uppbyggingu sjávarútvegsgreina viðsvegar um landið mun fólkinu ekki fjölga, þegar til lengdar lætur, í sjávarþorpum, nema þar verði eflingur iðnaður og þá einkum þjónustustarfsemi. Það er að verða ljóst, að sú vaxandi skipting þjóðarinnar í framleiðslusvæði annars vegar og þjónustusvæði hins vegar, muni hafa vond áhrif á atvinnuþróun Reykjavíkur, þegar til lengdar lætur. Þetta sýnir að mönnum er að verða ljóst, að landið verður ekki setið með góðum hætti, nema aukið jafnvægi náist á þessu sviði á milli landshluta.

Á tímabilinu 1963—1975 fóru 90.4% af viðbótarmannafla í Reykjavík í þjónustugreinar. Öllum er ljóst, að þessi þróun er ekki heppileg fyrir Reykjavík eða landið í heild. Mannafli í viðskiptum jókst á þessu tímabili um 53.2%. Um 2/3 af þessu nýja vinnuafli settust að í Reykjavík. Opinber þjónusta hefur dregið til sín 31.4% af nýju vinnuafli í landinu 1963—1975, og 44% af þeim er leituðu eftir vinnu í Reykjavík fóru í þessar greinar. Í hlut Reykjavíkur kom 67.5% af vinnuafldsaukningu í þjónustustarfsemi einkaaðila á þessu tímabili. Þessar tölur sýna, svo ekki verður um villst, að þróun þessa tímabils er ekki heppileg, hvorki fyrir áframhaldandi þróun Reykjavíkur né almenna byggðaðróun í landinu. Það er nauðsynlegt, að með opinberum aðgerðum sé stefnt að eðlilegu samræmi á milli byggðarlaga, til að ná þjóðhagslegu jafnvægi á milli framleiðslu- og þjónustustarfsemi, í samræmi við búsetu.

Nauðsyn lagasetningar um þjónustustofnanir.

Það er orðið aðkallandi, að þjónustustarfsemi sé viðurkennd sem atvinnuvegur í þjóðfélaginu, en ekki látin þróast skipulagslaust. Þess vegna er brýn nauðsyn, að sett séu rammalög um þjónustustofnanir og tryggt verði til þeirra stofnfjárfjármagn. Þetta er byggðamál allrar þjóðarinnar þar sem byggð stendur með byggð til að jafna aðstöðumun í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að þjónustustofnun eigi að vera samstarfsstofnun ekki aðeins um húsnæði, heldur einnig um notkun tækja og búnaðar. Með aðstoðarþjónustu er átt við skrifstofuþjónustu og aðra aðstoð við fleiri aðila í þjónustustofnun, sem væri hluti af rekstri stofnunarinnar.

Um 2. gr.

Gengið er út frá þeirri meginreglu, að sveitarfélög, samtök þeirra, ríkissjóður eða aðilar á vegum ríkisins hafi meirihlutaumráð í þjónustustofnun. Þetta er mjög í samræmi við þær hugmyndir, sem eru uppi um uppbyggingu þjónustustofnana. Eftir atvikum þykir eðlilegt að hálfopinberir aðilar, eins og bankar og sparisjóðir, geti verið aðaleigendur að þjónustustofnun. Viðá hagar svo til, að starfsemi viðkomandi sveitarfélags er eins konar allsherjarmiðstöð í byggðarlagi og því ekki óeðlilegt að þjónustuaðstaða sveitarfélags teljist vera þjónustustofnun staðarins.

Um 3. gr.

Reiknað er með því sem almennri reglu að sveitarstjórnir eða samtök þeirra hafi frumkvæði um uppbyggingu þjónustustofnana. Því er talið nauðsynlegt, að sú skylda sé samkvæmt lögum að gefa öllum þeim kost á að taka þátt í undirbúningi, sem fást við þjónustustarfsemi.

Sú megin stefna er mörkuð, að Framkvæmdastofnun ríkisins geri könnun á því hvort þörf sé fyrir þjónustustofnun, og enn fremur sé gert ráð fyrir staðarvali í þéttbýlisstað eða í stærri bæjarhluta. Hér er gert ráð fyrir að þjónustustofnanir geti átt rétt á sér í stærri úthverfum Reykjavíkurborgar og hinna stærri kaupstaða. Sýnilegt er að þjónustustofnanir hafa ekki síður hlutverki að gegna á þessum vettvangi en í smærra þéttbýli. Það verður að vera í lögum, að ríkisvaldið sé ekki að þukrast sér með uppbyggingu á þjónustuhúsnæði á meðan viðkomandi heimaaðilar eru að byggja upp þjónustustofnun. Hér er að visu ábendingarákvæði, sem ætti að tryggja eðlilegt samstarf. Mjög nauðsynlegt er, að gerð sé í sambandi við uppbyggingu þjónustustofnunar áætlun til 10 ára um þá starfsemi, sem telst á verksviði hennar. Slik áætlanagerð hlýtur að krefja opinbera aðila og einkaframtak um að gera grein fyrir framtíðaráformum, t. d. stofnanatilfærslu í landinu. Ljóst er að í sumum tilvikum er ekki fjárhagsgrundvöllur fyrir rekstri þjónustustofnana, þótt þær séu sérstaklega nauðsynlegar, þar sem framboð á þjónustu er lítið og langt að sækja afgreiðslu hjá hinu opinbera kerfi. Frá byggðasjónarmiði er nauðsynlegt að í slíkum tilvikum verði veitt aðstoð úr Byggðasjóði eða með beinum styrkjum úr ríkissjóði, sérstaklega þegar hlut á að máli húsnæðisþörf, sem að öðrum þræði er fyrir starfsemi ríkisins.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um stofnun sameignarfélags um þjónustustofnun. Gert er ráð fyrir að eignarhluti verði ekki lægri en 25% stofnkostnaðar. Nauðsynlegt er að setja almennar hömlur á veðsetningu eignarhluta.

Um 5. gr.

Ákvæði til að tryggja að eignarhluti í þjónustustofnun gangi ekki kaupum og sölum á frjálsum markaði, svo að tryggt sé að þeir aðilar fái aðstöðu í stofnuninni, sem starfa á vettvangi hennar.

Um 6. gr.

Eðlilegt er að sett sé sérstök samþykkt um stjórn og starfshætti hvers þjónustustofnunar, þar sem rekstur þeirra og eignarfyrirkomulag geta verið frábrugðin.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að bæði eigendur og aðrir notendur þjónustustofnunar séu leigjendur hennar og greiði fyrir leiguafnot í samræmi við samþykkt stofnunarinnar og nánari ákvörðun stjórnar og umráðaaðila. Nauðsynlegt er að til staðar sé skýlaus heimild um fyrirframgreiðslu á leigu, þar sem sú tekjuöflun verður happadrjúg við greiðslu á stofnkostnaði. Sjálfsgætt er að fyrir hendi séu skýlaus

ákvæði um, að ekki megi framselja leigurétt, og heimild til að víkja aðila úr stofnuninni, sem brýtur reglur hennar. Eðlilegt er að skjóta megi ágreiningi um þetta efni til ráðherra.

Um 8. gr.

Þessi grein skýrir, hver séu verkefni samrekstrar um þjónustustofnun, og greinir hlutverk þjónustudeildar. Gert er ráð fyrir þeim möguleika, að samstarfsnefnd reki þjónustustofnun. Þetta getur verið sérstaklega heppilegt að því er varðar rekstur þjónustudeildar, sem í senn annast störf fyrir almenning og aðila innan stofnunar.

Um 9. gr.

Lögð er sú kvöð á ríkisstjórnina að tryggja við lánsfjáráætlun hverju sinni stofnlán til þjónustustofnunar með sama hætti og nú gildir um stofnlánafyrirgreiðslu vegna framkvæmda á vegum sveitarfélaga. Stefnt er að því, að Lána-sjóður sveitarfélaga, ásamt Byggðasjóði, veiti stofnlán til byggingar þjónustustofnana.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.“